

## Fundargerð Aðalfundar

Aðalfundur Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. nr. 45. var haldinn þriðjudaginn 18. apríl 2023 kl. 14:00 á Hótel Keflavík

### Dagskrá:

1. Fundarsetning
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar, Ingþór Guðmundsson, stjórnarformaður og Steinþór Þórðarsson, framkvæmdastjóri.
4. Reikningar félagsins árið 2022, Kristján Þór Ragnarsson löggiltur endurskoðandi félagsins.
5. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.
6. Tilnefning stjórnarmanna
7. Kosning endurskoðanda
8. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna
9. Önnur mál.

### 1. Fundarsetning

Ingþór Guðmundsson, formaður stjórnar, setti fundinn kl. 14:07 og bauð fundarmenn velkomna.

### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Ingþór lagði til að Friðjón Einarsson yrði kjörinn fundarstjóri og var það samþykkt samhljóða.

Friðjón við fundarstjórn og lagði til að Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir stjórnarmaður Kólku yrði kjörinn fundarritari og var það samþykkt samhljóða.

Friðjón tilkynnti að mættir væru fulltrúar allra eignaraðila og að fundurinn hafi verið löglega boðaður. Engar athugasemdir komu fram.

### 3. Skýrsla stjórnar, Ingþór Guðmundsson, stjórnarformaður og Steinþór Þórðarson, framkvæmdastjóri.

Ingþór Guðmundsson, stjórnarformaður og Steinþór Þórðarson, framkvæmdastjóri fluttu skýrslu fyrir árið 2022.

Ingþór Guðmundsson:

„Góðir aðalfundagestir

*Eins og framkvæmdastjóri mun fara betur yfir var árið 2022 viðburðaríkt í Kólku. Bæði í jákvæðum og neikvæðum skilningi. Þrátt fyrir góða rekstrarniðurstöðu fyrir árið voru truflanir á starfsemi brennslunnar meiri en verið hefur undanfarin ár. Þá var nýliðinn vetur afar erfiður svo mjög reyndi á samstarf Kólku og verktaka í sorphirðu.*

Í mínum hluta þessarar skýrslu mun ég fyrst og fremst horfa á þau markmið sem stjórn hefur sett fyrir reksturinn, bæði hin fjárhagslegu og þau sem snerta umhverfið öðru fremur.

Stjórn Kólku hefur síðustu ár lagt áherslu á að halda sem mest aftur af hækkunum til sveitarfélaganna en auka á móti aðrar tekjur. Gjaldskrárhækkanir til sveitarfélaganna hafa, allt frá 2020, verið talsvert undir kostnaðarhækkunum á þeim liðum sem snerta sveitarfélögin. Gjaldskrá móttökustöðva hefur haldið áfram að breytast og helgast það einkum af breytingum á urðunarkostnaði og viðleitni stjórnar Kólku til að hafa gjaldskrár hvetjandi til flokkunar. Þannig hefur óflokkað eða blandað efni sem afhent er til Kólku orðið talsvert dýrara en reynt að halda aftur af hækkunum og lækka verð á efni sem berast í hreinum flokkum.

Alltaf þokast eitthvað í þeirri viðleitni að hækka það hlutfall úrgangs sem fer til endurvinnslu eða endurnýtingar. Aukning í efnum sem keyrt er til endurvinnslu eru um 300 tonn milli ára. Þetta er þó þróun sem við í Kólku myndum vissulega sjá gerast hraðar. Mjór er þó mikils vísir og í fyrra tókst að halda aftur af hækkunum á urðunarkostnaði með því að auka hlutfall efnis sem fór í endurvinnslufarvegi. Velta vegna brennslu fyrir aðra en sveitarfélögin á Suðurnesjum hækkaði um 60 milljónir frá fyrra ári eða nærri tífalt það sem kostnaður Kólku vegna urðunar hækkaði. Á þessu ári hefur verið unnið áfram að því að tryggja brennslunni vel borgandi efni og um leið efni sem hentar vel til brennslu í Helgúvík.

Stjórn Kólku hefur síðustu ár viljað bæta eiginfjárstöðu félagsins og létta skuldabyrði. Stefnt er að er hækkun eiginfjárlutfalls um 3% á ári en hækkunin á síðasta ári var 6%. Eiginfjárlutfall Kólku er nú komið yfir 50%.

Lausafjárstaða félagsins hefur verið góð síðustu árin og batnandi ár frá ári. Það hefur m.a. gert okkur kleift að borga inn á höfuðstól lána. Í fyrra voru greiddar 70 milljónir inn á lán umfram venjulegar afborganir. Sama upphæð var greidd inn á lán árið 2021. Í þeirri verðbólgu sem nú íþyngir rekstri skiptir þetta verulegu máli og styrkir félagið til framtíðar.

Eins og endurskoðandi Kólku, Kristján Ragnarsson, mun rekja nánar var afkoman á síðasta ári góð. Talsverður hagnaður varð af rekstrinum. Gott gengi undanfarinna ára gerði stjórn Kólku kleift að bjóða eigendum sínum að fjármagna kaup á ílátum vegna fjölgunar flokka í söfnun frá heimilum. Var það mat stjórnarinnar að það væri skynsamleg ráðstöfun á þessu fé og góð þjónusta við eigendurna. Það verður svo samvinnuverkefni Kólku og sveitarfélaganna að tryggja að innviðaframlög Úrvinnslusjóðs muni greiða niður þessa fjárfestingu. Góð afkoma hefur einnig þýtt að hægt hefur verið að bæta í viðhald og nýframkvæmdir. Rík þörf er fyrir hvort tveggja en það er markmið bæði stjórnar og stjórnenda Kólku að allur búnaður sé ávallt í topstandi. Einnig eru tækifærin til að bæta vinnuáðstöðu og laga Kólku að nýjum þörfum og kröfum bæði mörg og margvísleg.

Ekki er annað hægt en að minnast á undirbúning breytinga sem núna eru að komast á framkvæmdastig. Þótt þeirra sjái hvergi stað í ársreikningi síðasta árs þá var gríðarleg vinna lögð í að skilja kröfur nýrra laga og leita leiða til að mæta þeim á skilvirkan og hagkvæman hátt. Í Kólku er litið svo á að þessi aðlögun að nýjum lögum sé upphaf, ekki endir. Nýjar hugmyndir um hvernig koma megi meira efni upp eftir úrgangspíramídanum koma stöðugt fram. Við erum ekki bara að tikka í box nýrra laga. Við erum að breyta því hvernig við umgöngumst úrganginn okkar og auðlindir jaðar. Það er rétt vika síðan stjórn komst á flug í lok fundar og ræddi ýmsar hugmyndir um að breyta úrgangi í verðmæti. Það er það sem koma skal og það þarf ekki spámann til að spá því að eftir fimm ár verði allt öðruvísi um að litast á þessum vettvangi en í dag – hvað þá eftir tíu ár.

Á þessum nótum vil ég þakka fyrir mig og gefa Steinþóri Þórðarsyni orðið en hann mun greina nánar frá starfsemi í fyrra.“

Steinþór Þórðarson:

„Góðir aðalfundagestir.

Öryggismál:

Árið 2022 var nokkuð gott frá sjónarhóli öryggis starfsfólks og viðskiptavina og fá atvik voru skráð. Eitt óhapp er þó einu óhappi of mikið og áfram er rík áhersla lögð á öryggismál í Helguvík.

Töluverð hætta skapaðist þegar mikill eldsvoði varð á næstu lóð við Kólku, rétt fyrir páska. Allt rafmagn til brennslunnar rofnaði og afleiðing af því var að gufurör sprakk á stað þar sem fólk er oft að störfum. Rétt viðbrögð starfsfólks urðu til þess að enginn meiðsl urðu á fólki. Talsvert tjón varð á búnaði og truflanir á rekstri þar sem brennsla lán niðri í nokkra daga vegna bilana. Stafsfólk Kólku hélt mjög vel utan um upplýsingar um tjón af völdum eldsvoðans og tryggingafélag Kólku bætti umtalsverðan hluta þess.

Covid – Heilbrigði:

Í kjölfar tveggja ára sem lituðust mjög af Covid 19 kom 2022 og varð metár í influensum. Samkvæmt upplýsingum frá Landlækni voru flensutilfelli í hæstu hæðum undir lok síðasta árs og ástandið hefur ekki verið gott það sem af er þessu ári. Það hefur því verið mikið um fjarverur og t.d. sett ég persónulegt flensumet. Í fyrra var því tekin ákvörðun að bjóða öllum starfsmönnum allar þær bólusetningar sem í boði eru enda snerting við mengaðan úrgang hluti af daglegri starfsemi fyrirtækisins. Flestir, ef ekki allir, þáðu boðið.

Reksturinn – Efnismagn:

Brennt var um 11,780 tonnum en var 12.646 tonn árið áður. Í heildina bárust til Kólku um 18.400 tonn í fyrra eða um 550 tonnum minna en árið á undan. Álíka magni var keyrt til urðunar á árið á undan en þær tölur hefðu litið mun betur út ef við hefðum ekki misst brennsluna niður í 45 daga í fyrra eða um 25 dögum umfram það sem áætlað var. Lítils háttar aukning var á efni til endurvinnslu.

Í fyrra var svo byrjað að prófa ýmis efni til að koma í stað lífræns úrgangs frá heimilum. Ýmsir straumar hafa verið prófaðir m.a. ristarúrgangur frá veitufyrirtækjum, fita frá veitufyrirtækjum o.fl. Fjölhæfi Kólku gerir að verkum að við þurfum ekki að óttast breytingar á efnisstraumum og ekki heldur nýja samkeppni. Ofninn í Kólku er óvenju heppilegur til að takast á við allskonar efni sem stærri sorpokustöð gæti ekki tekið í brennslu.

Viðhald og nýframkvæmdir:

Stærsta viðhaldsverkefni ársins 2022 var endurnýjun á öllum eldmúr eftirbrennslunnar í stöðinni, í fyrsta sinn frá 2013. Einnig var skipt um alla poka í reykhreinsivirki auk fjölda annarra minni viðhaldsverkefna. Við endurfóðrun eftirbrennslunnar var notað nýtt efni sem hefur aðra viðloðunareiginleika en fyrri eldbúr. Þannig reyndum við að hindra að efni hlaðist upp á veggjum eftirbrennslunnar sem hefur verið vandamál.

Eins og Ingbór nefndi í sínu erindi er stefnan að halda búnaði í Kólku þannig að við að hann sé ávallt sem nýr. Það hefur verið leiðinlegt að hlusta á það ítrekað í fréttum undanfarið að það sé bilun í Kólku. Það er ekki haft eftir okkur sem þar störfum. Við gerum greinarmun á fyrirliggjandi viðhaldi og bilunum. Bilanir verða þegar fyrirbyggjandi viðhaldi er ekki sinnt. Eina fréttina mátti nánast skilja þannig að þessi riða sé í sjálfu sér ekkert vandamál en þessir aumingjar í Helguvík séu hins vegar alveg óþolandi.

Í fyrra var brennt í 310 daga, samanborið við 347 daga árið á undan. Markmiðið er að fara ekki undir 330 daga og starfsemin því óvenjumikið niðri. Brennt magn er þó ekki undir meðaltali undanfarinna 10 ára. Auk truflana vegna eldsvoða í apríl var, eins og áður sagði, stoppað í stórt viðhaldsverkefni en það sem setti stærsta strikið í reikninginn var þegar brennslan var stoppuð í tiltölulega stuttan tíma 11. desember til að sinna smávægilegri viðgerð. Þegar keyrt var upp aftur kom í ljós að stór vatnskassi sem er hluti af kælikerfi stöðvarinnar hafði frostsprungið. Lítið var því brennt það sem eftir lifið 2022 og nýtt ár byrjað með bráðabirgðaviðgerð og á skertum afköstum. Fullnaðarviðgerð var gerð núna í mars.

Í fyrra var lokið við að breyta móttökuplaninu í Helgúvík svo fjölga megi hreinum efnisflokkum. Einnig var gert átak í viðhaldi girðinga í Helgúvík, Grindavík og Vogum en Umhverfisstofnun fylgir því fast eftir að vel sé girt kringum plönin. Það væri svo að æra óstöðugan að telja upp allar minni lagfæringar og breytingar sem gerðar voru á síðasta ári. Áfram er unnið að því að bæta aðstöðu og verður ráðist stór verkefni í sumar.

Söfnun úrgangs í vetur:

Það er líklega óþarft að rifja upp hér ástandið sem var hér frá miðjum desember í fyrra og þar til fram í mars. Óveðurskafli og óvenju slæm færð um miðjan desember markaði upphaf tímabils þar sem úrgangssöfnun á Suðurnesjum fór verulega úr skorðum. Skýringar verktakans voru eðlilega þær að ekki hefði viðrað til söfnunar og að færð hafi hindrað aðgang að ílátum. Auk þessa fengum við þær upplýsingar að fyrirtækið væri undirlagt í umgangspæstum. Vissulega var það staðfest bæði af veðurstofu og landlækni að umræddar aðstæður voru með versta móti. Ég held að flestir hafi verið tilbúnir til að sýna því skilning en það sem á tímabili var það versta var að yfirsýn yfir stöðuna virtist hafa glatast og afar erfitt var að fá upplýsingar um hvar bera skyldi niður næst. Það kom því fyrir í tvígang að Kalka sendi frá sér tilkynningar um fyrirhugaða söfnun á komandi dögum og svo birtust engir bílar. Þá þótti okkur vanta upp á að öllum úrræðu væri beitt við að vinna upp slakann. Eins og vænta mátti var áreiti frá íbúum gífurlegt þegar staðan var sem verst og við í Kölkum vitum að það var ekki bara hjá okkur heldur á sveitarstjórnarskrifstofunum líka. Nú er verið að undirbúa nýtt útboð á þessari söfnun og í þeirri vinnu verður hugað sérstaklega að úrræðum þegar svona aðstæður koma upp.

Grenndarstöðvar:

Þetta er annar aðalfundurinn þar sem vikið er að söfnun úrgangs í grenndargáma. Söfnun í gámana er stöðugt vaxandi og í fyrra komu rúm 60 tonn upp úr þeim 9 stöðvum sem starfræktar eru í dag. Sérstaklega er ánægjulegt að sjá meira berast af málmum og gleri en hvorugt á nokkurt erindi í brennsluna en bæði eiga sér farvegi í endurvinnslu.

Í þeirri umræðu sem staðið hefur um fjölgun hreinna flokka í söfnun frá heimilum hefur borið á áhuga hér á að nýta þær meira og gefa fólki tækifæri til að fækka ílátum við húsvegg. Ljóst er að stöðvarnar eru helsta úrræðið í söfnun á málmum, gleri og textíl frá heimilum. Það liggur þó fyrir núna að til þess að geta boðið fólki að skila pappír og plasti í grenndarstöðvar þarf að koma til undanþága frá lögum. Ég leyfi mér að spá því að strax og rykið sest eftir dreifingu á nýjum ílátum og við förum að sjá hvernig fjögurra flokka kerfið virkar þá munum við aftur skoða hvort hægt sé að flytja áherslur yfir í grenndarlausnir, fyrir þá sem það kjósa og á svæðum þar sem það hentar.

Þjóðarbrennslan:

Enn er mikil umræða um að auka þurfi brennslugetu í landinu og málið er enn til skoðunar á samstarfsvettvangi sorpsamlaganna á SV horninu. Fyrir okkur sem voru í verkefnishópi sem skilaði skýrslu um fýsileika nýrrar brennslu á Íslandi um miðjan desember 2021 verður að segjast að

framvindan veldur vonbrigðum. Skýrslan gefur sterkar vísendingar um að rekstur allt að 130 þús. tonna brennslu á SV horninu sé vel mögulegur og geti skilað ágætri afkomu þrátt fyrir aðstæður hér. Fólk skiptist í tvær fylkingar þegar rætt er hvaða framtíð er í útflutningi á efni til brennslu. Margir hallast þó að því að það sé ekki ábyrg afstaða til lengdar að ætla útlendingum að axla ábyrgð á úrganginum okkar. Sjálfur bendi ég gjarnan á að ný brennsla, til viðbótar við aðra innviði eins og Kólku og gas- og jarðgerðarstöðina.

Í Álfsnesi styrki fagið sem við vinnum við og skap tækifæri sem fólk með bakgrunn í tækni og umhverfismálum vilja nýta sér. Við myndum því ekki aðeins byggja brennslu heldur líka þekkingu. Úrgangsgeirinn er þekkingarsamfélag sem þarf að styrkja. Áskoranirnar halda áfram að birtast og við þurfum við vinna okkur inn í nýja og ábyrgari framtíð hvað varðar úrgang og auðlindir jarðar.

Það hefur komið fyrir að ég hef sagt, svona í tveggja manna tali, að þetta sé verkefni sem Íslendingar geti ekki leyst. Það er svo þægilegt að sópa því ofan í einhverja glufu milli ráðuneytanna og sveitarfélaganna. Það er þó enn líf í þessari umræðu og á stjórnarfundum í mars samþykkti stjórn Kólku að mæla með því við sveitarfélögin að skoða með opnum huga hugmyndir um nýja nálgun við verkefnið sem stendur til að kynna núna á vormánuðum.

Afkoman:

Eins og ársreikningur félagsins ber með sér að þá skilaði Kalka góðum rekstrarafgangi á síðasta ári. Endurskoðandi og stjórnarformaður reifa það betur.

Breytingarárið 2023 og meira framundan:

Undirbúningur fyrir fjögurra flokka söfnun frá heimilum stendur nú sem hæst. Það er óvenju gestkvæmt í Kólku og þar er mikið bollalagt t.d. um hvernig skuli koma nýjum ílátum til íbúanna o.fl. Þessi undirbúningsvinna hefur styrkt mjög sambandið og samtalið við sveitarfélögin. Við sjáum glöggst núna að það eru að koma inn í myndina kostnaðarliðir sem við sáum ekki fyrir og settum ekki í áætlun. Við þykjumst vita að sveitarfélögin hafi ekki gert ráð fyrir þeim kostnaði heldur. Við þurfum að vinna okkur saman í gegnum þetta og megum aldrei gleyma því að hagsmunir Kólku og eigendasveitarfélaganna fara alltaf saman. Það skapraunar mér alltaf að heyra fólk nota „við og þið“. Ég gleymi því aldrei hverjir eiga Kólku og ekki heldur hverjum Kólku er ætlað að þjóna. Við höfum virka stjórn og núna í öllum þessum undirbúningi er verkefnishópur að störfum, skipaður fulltrúum sveitarfélaganna. Það eru engir þið. Bara við. Að því sögðu er mér ljúft að segja frá því að frumkvæði og frammistaða tveggja einstaklinga, Davors Lucic og Önnu Karenar Sigurjónsdóttur í þessari vinnu er afar lofsverð og í þeim mörgu og langdregnu inflúensum sem ég hef þurft að takast á við í vetur hefur verið gott að vita af þeim, og mörgum öðrum, haldandi öllum boltum á lofti.

Að lokum:

Það var unnið að ýmsu í fyrra sem enn er ekki komið til framkvæmda. Núna að lokum vil ég minnst á tvö úrlausnarefni sem fóru í gang í fyrra en hafa svo þokast vel á þessu ári. Í fyrsta lagi vil ég nefna samning við Noah í Noregi um meðhöndlun og urðun á flugösku. Sá samningur var í uppnámi í fyrra og fengum við síðasta séns til að senda út þau rúmu 1300 tonn sem voru þá í geymslu á Fitjabrautinni. Útskipun fór fram í byrjun mars. Sú þjónusta sem Noah veitti okkur er afar sérhæfð og mikið áfall að missa samninginn. Eftir að hafa boðið fulltrúum Noah í góðan mat og drykk á veitingahúsi í Reykjanesbæ varð úr að við myndum skoða nýjar leiðir til að vinna áfram saman. Það endaði með því að í síðasta mánuði fórum við Ingbór Karlsson saman til Noregs og undirrituðum þriggja ára samning og stjórnendur Noah fullvissa okkur um að við getum treyst því að hann megi framlengja til 10 ára.

*Í sömu ferð heimsóttum við ungt fyrirtæki með sterka bakhjarla sem er að hasla sér völl á sviði kolefnisföngunar frá sorpbrennslum. Eftir að hafa átt í viðræðum við þessa aðila í rúmt ár og kannað málið ofan í kjölinn hér heima varð úr að við undirrituðum viljayfirlýsingu um samstarf við föngun koldíoxíðs úr útblæstri Kólku. Þetta er gífurlega spennandi og ef svo skyldi fara að við gætum komið þessu á framkvæmdastig á næsta ári myndi það þýða að við værum í hópi líklega fyrstu fimm og alveg örugglega fyrstu tíu sorpbrennsla í heiminum sem fanga koldíoxíð úr útblæstri.*

*Í samantekt má því segja að árið 2022 hafi verið viðburðaríkt en líka erfitt. Þetta ár verður líklega ennþá erfiðara en við bindum vonir við að þegar hausta tekur verði allir komnir með sín ílát og íbúar verði farnir að venjast fjögurra flokka kerfinu.*

*Gleðilegt sumar!*

#### **4. Reikningar félagsins árið 2022, Kristján Ragnarsson löggiltur endurskoðandi félagsins.**

Kristján Þór Ragnarsson löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte kynnti ársreikning fyrirtækisins árið 2022. Heildarrekstrartekjur námu um 970 mkr. en voru 859 mkr. árið 2021. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og fjármagnsgjöld (EBITDA) nam þannig tæplega 235 mkr. en var tæplega 205 mkr. árið 2021. Heildarhagnaður ársins eftir afskriftir og fjármagnsgjöld nam rúmum 162 mkr. en var rúmar 154 mkr. árið 2021. Í árslok 2022 námu heildareignir félagsins 1.538 mkr. en skuldir og skuldbindingar námu 733 mkr. Eigið fé er 804 mkr. og eiginfjárlutfall félagsins er 52% samanborið 46% í árslok 2021.

#### **5. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning félagsins**

Valgerður Björk Pálsdóttir, bæjarfulltrúi Reykjanesbæjar spurði út í riðumálið sem mikið er búið að vera í fjölmiðlum. Valgerður spurði út í það hvort Kalka yrði ekki að tekjum við því að taka ekki við þessu til brennslu. Steinþór svaraði því að Kalka hafi verið með skipulagt viðhald en því var frestað út af riðu og Kalka hafi því brenndi allt. Viðhaldið var því skipulagt aftur, en þá kom upp önnur riða. Kalka bar aðstæðurnar undir vélfræðinga Kólku og að þeirra mati gæti önnur frestun á viðhaldi orðið til þess að það komi upp bilun og því ekki ábyrgt að fresta viðhaldi aftur. Kalka verður því að tekjum, en yrði mögulega af meiri tekjum ef við bilunar kæmi.

Friðjón Einarsson spurði endurskoðandann um skýringar á langtímaskuldbindingum sjóðsins í ársreikningi Kólku. Friðjóni þótti gleðilegt en sérstakt í verðbólgunni að langtímaskuldbindingar lækki. Kristján endurskoðandi sagði skýringuna á því að greidd voru upp lán, en ekki endurfjármagnað.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar spurði Steinþór út í flugöskuna. Samkvæmt upplýsingum frá Kólku er flugaskan geymd í húsnæði á Fitjabraut sem er í eigu Kólku. Kjartan spurði hvort kæmi ekki til greina að flytja hana í húsnæði nær Kólku, þar sem það fylgir því mikil umhverfisáhætta og mikill kostnaður að vera flytja öskuna á milli staða. Kjartan upplýsti fundinn að Reykjanesbær eigi hús í nágrenni sem hægt væri að nota. Kjartan spurði því hvort til greina kæmi að færa öskuna í hús Reykjanesbæjar. Steinþór svaraði spurningum Kjartans og sagði Kólku vera tilbúna til að skoða þetta þar sem þessi flutningur á milli staða kosti mikið.

Kjartan Már Kjartansson, bæjarstjóri Reykjanesbæjar kom á færi ábendingu um að í ársreikningum standi að Reykjanesbær sé eigandi að 73,09% hlut í Kólku, sem stemmi ekki við þær upplýsingar sem Reykjanesbær hefur birt. Steinþór svaraði því að þessi hlutur stemmir við 2022 töluna og tölur frá 2023 eru aðeins lægri.

Friðjón Einarsson, fundarstjóri fundarins og bæjarfulltrúi Reykjanesbæjar spurði út í það hvort einhverjar skyldur væru á Kólku um að endurgreiða gjöld til sveitarfélaganna eða lækka kostnað til þeirra nú þegar hagnaður er svona mikill. Samkvæmt lögum um hitavitu þá má hagnaður ekki vera of mikill því þá er það endurgreitt. Innheimta ætti í samræmi við raunkostnað. Steinþór svaraði því. Hann sagði innheimtu í samræmi við raunkostnað. Þrátt fyrir að Kalka væri að skila hagnaði þá væri allt að breytast núna. Á næstu misserum værum við að fara í breytingar á sorphirði vegna lagabreytinga sem kallar á aukakostnað. Einnig eigi landsmenn eftir að finna meira fyrir efnahagsástandinu í landinu á næstu mánuðum og því ekki skynsamlegt að endurgreiða eða lækka kostnað til sveitarfélaganna eða íbúa þeirra.

Ársreikningur Kólku sorpeyðingarstöðvar sf. fyrir árið 2022 var borinn upp og samþykktur samhljóða.

Einnig lagði stjórn Kólku með áframhaldandi heimild til að greiða niður lán. Var slík tillaga borin upp á fundinum og samþykkt samhljóða.

## **6. Kosning löggilts endurskoðanda**

Tillaga er um að endurskoðunarfyrtækið Deloitte verði endurskoðandi félagsins. Tillaga borin upp og samþykkt samhljóða.

## **7. Tillögur um breytingar á samþykktum félagsins**

Engar tillaga að þessu sinni um breytingar á samþykktum félagsins.

## **8. Tillaga um þóknun til stjórnarmanna**

Lagt er til að formaður stjórnar fái 5% af þingfararkaupi fyrir hvern fund, en aðrir stjórnarmenn fái 4% af þingfararkaupi fyrir hvern fund.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

## **9. Önnur mál.**

Margrét Sanders, bæjarfulltrúi Reykjanesbæjar fór upp í púlt og lýsti óánægju sinni á svörum þeirra sem sinna sorphirðu á Suðurnesjum. Margrét sagðist oft hafa gagnrýnt sorphirðu á suðurnesjum en sé sátt við það sem kom fram í ræðu framkvæmdastjóra fyrr á fundinum. Eitt af þeim afsökunum sem komu fram hjá verktakanum var að mikil veikindi hafi verið. Margrét sagði alla vinnustaði vera glíma við sama vandamálið og þeir eiga reikna með veikindum og öðru inn í útboð. Þeir eiga geta gripið til ráðstafana ef til veikinda kemur hjá þeim rétt eins og aðrir vinnustaðir. Ef ekki sé gripið til viðeigandi ráðstafana eigi ekki að greiða fullt gjald fyrir þjónustu sem Kalka fær ekki. Að öðru leyti þakkaði hún stjórn og framkvæmdastjóra fyrir góð störf.

Fundarstjóri þakkaði stjórnendum og starfsmönnum Kólku fyrir góð störf fyrir félagið og fundargestum fyrir góðan fund.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 15:06.